

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

JÚNÍ 2009

6. tbl. 16. árg.



S. 581 15 15
3 staðir 1 símanúmer
Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum og Eddufelli 6



Slökkvitækjaþjónustan
564 1433
Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur
Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!

ÁTAK
CAR RENTAL
bilaleiga.is

borgarblod.is



Ragna Árnadóttir, dóms- og kirkjumálaráðherra, Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu og Þorsteinn G. Hjartarson, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Breiðholts voru frummælendur á fundi íbúasamtakanna Betra Breiðholts um málefni lögreglunnar.

Einn lögreglumaður í Breiðholti

Aðeins einn lögreglumaður sinnir nú störfum á lögreglustöðinni í Mjóddinni sem í raun er orðin að afgreiðslustofnun. Samkvæmt breytingum á skipulagi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á starfsemi lögreglunnar í Breiðholti að flytjast í nýjar höfuðstöðvar fyrir Kópavog og Breiðholt við Dalveg í Kópavogi.

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu sagði á fundi sem íbúasamtökin Betra Breiðholt stöðu fyrir um lögreglumálin í Seljakirkju á dögunum að áformað væri að lögreglumenn störfuðu áfram í Breiðholti og þá í tengslum við Þjónustumiðstöð Breiðholts. Til umræðu væri að

ganga til samkomulags við Reykjavíkurborg um að hverfalögreglumenn störfuðu í tengslum við allar þjónustumiðstöðvar borgarinnar og starfssvið þeirra yrði einkum á sviði forvarnarmála.

Óánægju gætir á meðal íbúa Breiðholts með að flytja starfsemi lögreglunnar úr borgarhlutanum yfir í Kópavog. Á fundinum í Seljakirkju kom fram að fólk óttast að þjónusta lögreglunnar verðni við að höfuðstöðvarnar flytjast í annað bæjarfélag. Lögregla geti orðrið lengur á leiðinni beri bráðan vanda að og einnig að það forvarnarstarf sem Breiðholtslögreglan hefur unnið verði ekki eins árangursríkt og áður. Bent var á

að hverfislögreglumennirnir sem starfað hafa í Breiðholti þekki mjög vel til og séu í góðum tengslum við íbúana og þá einkum unga fólk í borgarhlutanum. Stefán Eiríksson sagði að markmiðið með endurskipulagningu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu væri ekki að draga úr þjónustu heldur að færa störf lögreglunnar nær íbúunum og væru hinar nýju hverfastöðvar liður í því. Hugmyndin um samstarf við þjónustumiðstöðvar borgarinnar væri einnig liður í þeirri viðleitni og að standa vörð um það góða og árangursríka forvarnarstarf sem unnið hafi verið úti í borgarhverfunum.

Lyfjaval
A P Ó T E K
ÁLFTAMÝRI • MJÓDD
BÍLAAPÓTEK
HÆÐASMÁRA 4
opið 10-23 alla daga



Big papas pizza
Mjódd
800-9999
Opið
11 - 22
bigpapas.is
Fullt af tilboðum
Besta verðið
Frábærar pissur
100% Ísl. ostur

Apótekið í Hólagarði er opið:
mán-föst: 10-18, laugardaga: 10-14

 **Apótekið**
lægra verð

Grafarvogi • Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri

**Útsala á
nautakjöti**

 **Pín verslun**

SELJABRAUT 54 • SÍMI 557 1780 - 577 1788

- á traustum grunni

*Eina kjötbordíð
í Breiðholti*

**gæði
úrval
þjónusta**

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Vesturgötu 15 • 101 Reykjavík

Sími: 511 1188 • 561 1594

Fax: 561 1594

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson, Sími 551 1519, 893 5904

Netfang: thord@itn.is

Auglýsingasími: 511 1188 • 561 1594 • 895 8298

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Íslandspóstur

6. tbl. 16. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Horft til

Reykjavíkurborgar

Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarstjóri ræðir um borgarmálin og ástandið í þjóðfélaginu við Breiðholtsblaðið að þessu sinni. Þar á meðal fjallar hún um þau vinnubrögð sem tekin voru upp á vegum borgarstjórnar Reykjavíkur þegar sýnt var að meiri erfiðleikar væru framundan en áður hafði verið gert ráð fyrir. Í viðtalinu segir hún m.a. frá því hvernig nýr meirihluti borgarstjórnar hafi ákveðið að standa að verki. "Við sem þá mynduðum nýjan meirihluta lögðum mikla áherslu á að breyta vinnubrögðum í þessu ferli. Við töldum einsýnt að góður árangur væri háður raunverulegri aðkomu og samstarfi allra flokka og lögðum þess vegna til að borgarstjórn öll myndi sameinast í vinnu við áherslur og lausnir vegna stöðu efnahagsmála. Þessu ákalli okkar tóku fulltrúar hinna flokkanna í borgarstjórn vel, vildu koma að málum með okkur og það er mín skoðun að með því hafi þeir fulltrúar sýnt mikinn pólitískan kjark ekki síst í ljósi sárinda sem myndast höfðu vegna þess sem á undan hafði gengið og flesta rekur minni til." Fleiri sveitarstjórnir hafa að undanförunni tekið svipuð vinnubrögð upp og borgarstjórn Reykjavíkur hefur gert. Fulltrúar mismunandi flokka og stjórnmalaafla er bæði mynda meiri- og minnihluta hafa tekið höndum saman um að leita leiða og finna lausnir á aðkallandi vandamálum sem ekki hefur polað bið að leysa.

Þessi vinnubrögð eru til fyrirmyndar og gætu þeir sem stýra þjóðmálum ýmislegt af þeim lært. Á meðan erfiðasti efnahagavandi í aldaðir skekur íslenska samfélagið og afleiðingar af ofurgræðgi athafnamanna, sem einskis svífust við að verða sér úti um fé og slælegu eftirliti stofnana og stjórnvalda hafa dregið heila þjóð nánast að gjaldþroti hrópa stjórnmalamenn á Alþingi út og suður og reyna hvað þeir geta að setja ímyndaða flokkshagsmuni ofar hagsmunum þjóðar. Mörg spjót standa á stjórnvöldum og þjóðinni og í þeim felast ógnir sem bæja verður frá þótt það kosti bæði svita og tár. Íslendingar verða að standa skil á sínu gagnvart öðrum hvernig svo sem illa misvitrum einstaklingum tókst að lokka eitur þeirra inn í íslenskt bankakerfi. Annað er í sjálfu sér ekki til umræðu og bjánaskapur að boða aðrar lausnir. Íslendingar hafa þegar fengið innsýn hvað muni gerast verði ekki staðið við skuldbindingar á borð við Ícsave innlánsreikninga gamla Landsbankans. Engin þjóð reyndi að koma illa aðþrengdum Íslendingum til hjálpar nema að kröfum um skuldaskil yrði fylgt. Strax varð ljóst að "Við borgum ekki" kenningin gengi ekki upp þótt skiljanleg sé óskhyggja fólks um að svo mætti verða. Við höfum enga stöðu til þess að flýja af hólmi þótt ef til vill hefði mátt reyna lagakrókaleiðir í þeim efnum. Við stóðum frammi fyrir því að þjóðir heims snéru baki við okkur og stöndum enn – að hreinlega verði lokað á Ísland í fleiri en einum skilningi verði ekki staðið við það sem teljast vera alþjóðlegar skuldbindingar.

Stjórnmalamönnum þjóðarinnar væri nær að líta til borgarstjórnar Reykjavíkur og annarra sveitarstjórna sem tekið hafa upp viðlíka vinnubrögð við úrlausnir erfiðara mála en reyna að teifa og troða skóna hvorir niður af öðrum engum til gangs en þjóðinni til ógangs. Með samvinnu er alls ekki verið að eyðileggja pólitíkina heldur þvert á móti. Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarstjóri kys að orða það svo í viðtalinu hér í Breiðholtsblaðinu. "Með því er ég ekki að segja að nú skuli taka pólitíkina út úr pólitíkinni, eins og sumir nefna að þessi nýju vinnubrögð geti gert. Það er alrangt því svona samráð breytir engu um breiðu línurnar í stjórnmalunum." Þetta er rétt hjá borgarstjóra. Með samvinnu er ekki verið að kasta stjórnmalabaráttu framtíðarinnar fyrir róða heldur að ná samstöðu sem er nauðsynleg til að leysa erfið tilfallandi viðfangsefni – viðfangsefni sem tæpast verða leyst án svita og tára. Kannski væri stjórn eða alla vega aðkoma allra flokka ekki svo fjarlægur kostur við þessar aðstæður.

S T U T T A R

B O R G A R F R É T T I R

350 ný aðkeypt störf

Borgarráð samþykkti nýlega tilögu Hönnu Birnu Kristjánsdóttur borgarstjóra um fimm milljarða króna lántöku til að fjármagna framkvæmdir á vegum Reykjavíkurborgar á árinu 2009. Lánið er tekið með skuldabréfaútbóði til 45 ára en nú þegar liggja fyrir skuldbindandi fyrirheit frá lífeyrissjóðum um kaup á fimm milljörðum. Framkvæmda- og eignaráð borgarinnar hefur í tengslum við lántökuna forgangsraðað að framkvæmdum á árinu 2009 en áætlað er að með þeim verði hægt að tryggja allt að 650 störf í Reykjavík. Fyrir utan þessar nýframkvæmdir sem hafa nú verið fjármagnaðar leggur Reykjavíkurborg um 3,5 milljarða króna í viðhald gatna, opinna svæða og fasteigna en áætlað er að þær viðhaldsframkvæmdir skapi til viðbótar allt að 350 aðkeypt störf á árinu, fyrir utan störf borgarstarfsmanna.

Fjölbreyttur fjölmeningardagur

Fjölmeningardagurinn í Reykjavík var haldinn hátíðlegur í fyrsta sinn laugardaginn 16. maí sl. Markmiðið með deginum er að fagna fjölbreytileikanum sem borgarsamfélagið býður upp á og auðga menningarlíf borgarinnar. Mannréttindaráð Reykjavíkur hefur ákveðið að haldinn verði fjölmeningardagur árlega í samstarfi við hagsmunaaðila og er það liður í því að draga úr fordómum og auka enn frekar gagnkvæma aðlögun. Glæsileg dagskrá var á boðstólum á fjölmeningardaginn sem hófst með fjölpjódlegri göngu frá Hallgrímskirkju. Á þriðja þúsund manns tóku þátt í göngunni sem endaði í Vonarstræti við Ráðhús Reykjavíkur en þar og í lönó hófst síðan dagskráin sem einkenndist af dansi og söng og meðal þess sem í boði var má nefna Bambusdans, dans Snæljónsins frá Tíbet, japanska teathöfn og söng frá Keníu, Sri Lanka, Írak, Búlgaríu og Indlandi. Á tjarnarbakknum hljómuðu svo skoskir tónar úr sekkjarpípu.

RKÍ hlaut mannréttindaverðlaunin

Rauði Kross Íslands hlaut mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar að þessu sinni. Rauði Krossinn hlaut verðlaunin fyrir kraftmikið starf í borgarsamfélaginu á liðnum árum. Auk þess stendur hreyfingin vörð um mannréttindi, heilbrigði og virðingu einstaklinga og bregst við neyð jafnt innanlands sem utan. Verðlaunin voru veitt 16. maí sem er mannréttindadagur og markmiðið með þeim degi er að vekja athygli á þeim málum sem varða mannréttindi borgarbúa og á mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarstjóri, afhenti verðlaunin við hátíðlega athöfn í Höfða. Ahn Dao Tran stjórnarmaður í RKÍ og Sólveig Ólafsdóttir veittu verðlaununum viðtöku fyrir hönd Rauða Kross Íslands.

Óbreytt gjaldskrá leikskóla

Gjaldskrá leikskóla Reykjavíkurborgar fyrir átta stunda vistun mun haldast óbreytt. Áfram verður veittur 100% systkinaafsláttur

en Reykjavíkurborg er eina sveitarfélagið sem veitir þannig afslátt fyrir foreldra barnmargra barna. Allir aðrir afsláttir fyrir einstæða foreldra, námsmenn og öryrkja haldast óbreyttir. Fæðisgjald er einnig óbreytt. Breytingar verða gerðar á gjaldi fyrir viðbótarþjónustu eftir að átta klukkustunda vistun lýkur. Breytingin tekur gildi 1. ágúst og foreldrar hafa því tvo mánuði til þess að aðlaga sig þessari breytingu. Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar í janúar sl. var lögð áhersla á að standa vörð um grunnþjónustu Reykjavíkurborgar við íbúa og draga frekar úr niðurgreiðslum á viðbótarþjónustu sem veitt er. Fjárhagsáætlunin tekur mið af markmiðum borgarstjórnar um að verja grunnþjónustu og verja störf.

Gestkvæmt á stóra leikskóladeginum

Gestkvæmt var á stóra leikskóladeginum sem haldinn var í fyrsta skipti laugardaginn 6. júní í Miðbæjarskólanum. Stóri leikskóladegurinn er uppskeruhátíð Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar þar sem starfsfólki leikskólanna gefst tækifæri til að kynna þau fjölmörgu áhugaverðu verkefni sem verið er að vinna að í leikskólum borgarinnar. Alls voru kynnt 28 verkefni sem 33 leikskólar standa að. Boðið var upp á fyrirlestra, sýningar á verkum barna, danssýningu út undir beru lofti og kynningar á verkefnum starfsfólks. Einnig sýndu nokkrir leikskólar myndbönd frá starfinu. Leikskólaskrifstofa og starfsmannajónusta Leikskólasviðs kynntu þrjú verkefni. Fjöldi gesta mætti í gamla Miðbæjarskólann og kynnti sér það gróskumikla starfi sem unnið er í leikskólum Reykjavíkur.

Bláa tunnan vinsæl

Bláa endurvinnslutunna Reykjavíkurborgar nýtur vaxandi vinsælda og pöntunum fjölga. Þær breytingar hafa einnig verið gerðar á endurvinnslukerfinu að nú má setja fleira í hana en áður var. Þar er um að ræða fernur, umbúðapappír, prentpappír, sléttan pappa, morgunkornspakka, eggjabakka, skókassa og hólka af salernis- og eldhúsrúllum svo

dæmi sé tekið ásamt dagblöðum, tímaritum og auglýsingapósti. Þessi endurvinnslutunna er eitt af grænu skrefunum í Reykjavík og hefur henni vaxið ásmegin á síðastliðnum tveimur árum. 2.200 tonn eru nú í notkun og búið er við að þeim fjölgi jafnt og þétt meðal annars vegna vaxandi umhverfisvitundar í borginni. Bláa tunnan er losuð á þriggja vikna fresti.

Hátt á fjórða þúsund á sumarnámskeiðum

Alls bárust hátt á fjórða þúsund skráningar á sumarnámskeiði ÍTR og hafa skráningar aldrei verið fleiri á þessum tíma. Til samanburðar má nefna að rúmlega 3600 skráningar bárust á síðasta sumri. ÍTR leggur áherslu á skapandi og skemmtilegt starf, jafnt innan dyra sem utan, en útivist skipar stóran sess í sumarstarfinu.

Tæknigrunnskóli í Reykjavík

Menntaráð Reykjavíkurborgar hefur lagt til að stofnaður verði tæknigrunnskóli í Reykjavík. Um er að ræða sjálfstætt starfandi grunnskóla fyrir nemendur á unglingastigi. Markmiðið með stofnun skólans er í fyrsta lagi að efla hjá nemendum verklega og tæknilega hugsun ásamt frumkvöðlahugsun sem undirbýr þá fyrir skapandi starfsferil. Nemendum verður veitt menntun til persónulegs þroska við hæfi hvers og eins og áhersla verður lögð á að efla hjá þeim lífssýn sem býr þá undir hlutverk sjálfstæðra og ábyrgra þegna. Stefnit er að því að veita nemendum trausta undirstöðumenntun sem verði grunnur að námi á næsta skólustigi á eftir. Í hinum nýja tæknigrunnskóla verðu leitast við að leggja áherslu á iðn- og tæknigreinar í formi starfssviða sem verða 10 talsins. Gert er ráð fyrir að í tæknigrunnskólanum verði um 40 nemendur í árgangi en á fyrsta ári verði byrjað með nemendum í 8. bekk og síðan bætt við einum árgangi árlega upp í 10. bekk. Hámark nemendafjölda verði þannig um 120.

VEIÐIKORTIÐ

31 vatnasvæði vítt og breitt um landið fyrir aðeins 6000 krónur

Þú ákveður svo hvar og hvenær þú veiðir

veidikortid.is

Handbók með ítarlegum upplýsingum og veiðikortum fylgir. Fæst hjá N1, í veiðivöruslunum og á www.veidikortid.is

Hver segir að það sé dyrt að veiða?

Seljaskóli 30 ára



Nemendur og kennarar hófu daginn með skrudgöngu um hverfið.

Mikið var um að vera þegar Seljaskóli hélt uppá 30 ára afmæli sitt 4. júní. Dagskráin hófst kl. 9.15 með skrudgöngu um hverfið þar sem hver árgangur var með sitt sér-einkenni í göngunni, grímur, sóglæraugu, derhúfur, litað hársprey og boli ásamt fleiru.

Að göngunni lokinni var metnaðarfull hátíðardagskrá þar sem Þórður Kristjánsson skólastjóri flutti ávarp, nemendur

og kennarar sýndu dans, nemendur fluttu tónlistaratirði og fleira. Að þeirri dagskrá lokinni var fjölbreytt dagskrá skipt niður eftir aldri nemenda á nokkra staði. Þar var meðal annars að finna smáleika, fótboltakeppni, hringekjustöðvar, ratleik, stígvélakast, pokahlaup, hoppukastala og margt fleira. Að lokum fengu allir grillaðar pylsur og afmælisökku. Nemendur úr unglingadeild skólans sungu nokk-

ur lög og pönkhljómsveit starfsmanna kom fram í fyrsta sinn við þetta tækifæri. Í hádeginu var boðið upp á grillaðar pylsur og köku. Stjórnendur og starfsfólks skólans lagði mikinn metnaði í að afmælishófið tækist sem best að ógleymdum nemendum sem ýmist tóku þátt í atriðum eða skemmtu sér hið besta.

*Úrval af fatnaði
fyrir konur á
öllum aldri*

Sjón er sögu ríkari

Verið velkomnar

Fröken Júlía

Mjódd - S. 557 5900

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:

511 1188 & 895 8298

Ný þjónusta fyrir garðeigendur!

Tvær grænar leiðir að sama marki

Gámaþjónustan hf býður nú þjónustu við garðeigendur á höfuðborgarsvæðinu á söfnun garðaúrgangs með tveimur mismunandi leiðum, Garðapoka og Garðatunnu.

Garðapokinn er veglegur og traustur plastpoki fyrir garðaúrgang. Þeir eru seldir 5 stk. í pakka og er hirðing pokanna ásamt innihaldi innifalinn í verði. Þú pantar Garðapokann á www.gardapokinn.is, færð staðfestingu á pöntun og við sendum þér síðan pokana heim.

Þegar þú pantar hirðingu á pokunum ferðu inn á www.gardapokinn.is og fyllir út beiðni. Einnig er hægt að hringja í síma 535 2520 og panta hirðingu. Í báðum tilfellum verða pokarnir sóttir samkvæmt áætlun sem hægt er að sjá á heimasíðunni.

Garðatunnan er 240 lítra tunna sem íbúar gerast áskrifendur að. Þú pantar Garðatunnuna á www.gardatunnan.is, fyllir út beiðni og tunnan verður send til þín. Hún er losuð á tveggja vikna fresti yfir sumarmánuðina og er hægt að sjá losunardaga á www.gardatunnan.is.



Gardatunnan.is



GÁMAÞJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ



Gardapokinn.is

VIÐTALIÐ

Er stolt af aðgerðaráætluninni

- segir Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarstjóri

Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarstjóri spjallar við Breiðholtið að þessu sinni. Það mæðir mikið á borgaryfirvöldum um þessar mundir vegna efnahagsástandsins í þjóðfélaginu og hvorki Reykjavíkurborg eða önnur bæjar- og sveitarfélög fara varhluta af því. Draga verður úr framkvæmdum og þjónustu en borgaryfirvöld í Reykjavík hafa lagt mikla áherslu á að verja þá grunnþjónustu sem borgin veitir íbúum sínum. Að undanförunu hefur farið fram mikil vinna af hálfu stjórnenda og starfsfólks borgarinnar til þess að bregðast við ástandinu á þann hátt að íbúar finni sem minnst fyrir því. Hanna Birna ræðir það en fyrst segir hún frá því hvaða framkvæmdir eru á döfinni í Breiðholti af hálfu Reykjavíkurborgar.

Purfum að fá borgarana í lið með okkur

“Um Breiðholtið er það að segja að þar er um stórt og gróíð hverfi að ræða. Breiðholtið er fullbyggt og þar verður því ekki mikið um nýbyggingar í framtíðinni. Breiðholtið er mjög innrammað og afmarkað í borgarskipulaginu og ef lítið er til stærðar þess þá er það einskonar bær í borginni. En það þýðir ekki að borgin hafi ekki neins að gæta heldur eru mörg verkefni sem þarf að sinna frá einum tíma til annars. Það hefur verið og er samstaða um það innan borgarinnar að vinna betur með þá innviði sem eru til staðar í Breiðholti og einnig að huga að umhverfinu. Við þurfum sérstaklega að einbeita okkur að einstökum verkefnum auk þess að standa vörð um innviði byggðarinnar. Við verðum að huga vel að Elliðaárdalnum sem fólki þykir vænt um og vill varðveita. Á síðasta ári komu fram hugmyndir um byggingu slökkvistöðvar neðan Stekkjabakka efst í dalnum. Skoðanir voru mjög skiptar um það mál og margir töldu að stöðin ætti ekki samleið með því umhverfi sem dalurinn býður upp á. Þessar hugmyndir hafa verið settar til hliðar og ljóst að slökkviliðið fer ekki í nýjar framkvæmdir á næstunni þannig að það gefst tími til þess að skoða aðrar lausnir vegna staðsetningar þess til framtíðar. Það hefur verið rætt um aðstöðu við Jafnaselið en bygging nýrrar slökkvistöðvar er ekki á neinum áætlunum hjá borginni sem stendur. Ég get sagt að við höfum átt mjög gott samstarf við ÍR um uppbygginguna á félagssvæði þess þótt við höfum orðið að hægja á henni eins og öllum öðrum verkefnum. Og ég get ekki sagt annað en að forráðmenn félagsins hafa verið mjög samstarfsfúsir gagnvart sjónarmiðum borgarinnar. Það ríkir gott samkomulag um hvernig við höldum á þeirra málum. Varðandi Mjóddina hefur aðal umræðan snúist um vanda sem hefur skapast vegna þess að bílastæðin eru löngu fullnýtt og meira en það. Við höfum verið að vinna með Svæðafélaginu í Mjóddinni við að leita lausna. Það stendur aðeins upp á borgina hvað þetta mál varðar en það verður unnið áfram í því. Nú eru tilbúnar teikningar af viðbyggingu við vesturálmú Breiðholtið og viðbygging við Fjölbrotaskólann í Breiðholti er í undirbúning og eins við leikskólann Seljakot



Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarstjóri tók fyrstu skóflustungu að samreknum leik- og grunnskóla í Úlfarsárdal fyrir skömmu. Á myndinni sem tekin var við það tækifæri eru borgarstjóri ásamt dóttur sinni Theodóru Guðnýju, Óskari Bergssyni, formanni borgarráðs, Kjartani Magnússyni, formanni menntaráðs og Jórinni Frimannsdóttur, formanni velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

þótt ekki sé gert ráð fyrir framkvæmdum þar á þessu ári. Í sumar verður lokið við endurgerð á skólalóð Hólabrekkuskóla með nýjum leikvelli og hátíðasvæði. Þetta eru allt verkefni sem fólk hefur beðið lengi eftir að ráðist yrði í. Verkefni í Breiðholti eru meira það sem við getum kallað úrbótaverkefni. Að halda skólalóðunum vel við og annst um umbætur á gönguleiðum skólabarna. Ég get einnig nefnt Seljahlíð þar sem unnið verður að framkvæmdum á þessu og einnig á næsta ári. Það er margt í framkvæmdaáætlun Borgarinnar sem tekur mið af Breiðholti. Hann Birna segir að það eigi að gera kröfur til stjórnmalamanna. Það eigi að krefja þá til svara og hvetja til aðgerða. “Við finnum það hins vegar mjög vel að við þurfum að biðja borgarana að ganga í lið með okkur og viðhafa góða umgengni ef okkur á að takast að halda borginni hreinni og fallegri og þetta á við alla borgina hvort sem um er að ræða miðborgarkjarnann eða íbúahverfin. Það er mjög mikilvægt að fólk hreinsi til og hendi ekki rusli á víðavangi heldur hjálpi okkur við það mikilvæga verk að halda borginni hreinni. Okkur mun aldrei takast að gera borgina fegurri og hreinni nema að þessir 118 þúsund íbúar sem þar eru og einnig þeir sem heimsækja hana sýni henni þá virðingu að umgangast hana með umhverfið og hreinlæti í huga.”

Stolt af aðgerðaráætluninni

En hvernig eru borgaryfirvöld

að bregðast við þeim vanda sem steðjar að borginni. “Ég get byrjað að segja frá því að í ágúst á síðasta ári fórum við hjá Reykjavíkurborg að vinna að sérstakri aðgerðaráætlun vegna stöðunnar í efnahagsmálum. Við sem þá mynduðum nýjan meirihluta lögðum mikla áherslu á að breyta vinnubrögðum í þessu ferli. Við töldum einsýnt að góður árangur væri háður raunverulegri aðkomu og samstarfi allra flokka og lögðum þess vegna til að borgarstjórn öll myndi sameinast í vinnu við áherslu og lausnir vegna stöðu efnahagsmála. Þessu ákalli okkar tóku fulltrúar hinna flokkanna í borgarstjórn vel, vildu koma að málum með okkur og það er mín skoðun að með því hafi þeir fulltrúar sýnt mikinn pólitískan kjark ekki síst í ljósi sárinda sem myndast höfðu vegna þess sem á undan hafði gengið og flesta rekur minni til. Það hefði ef til vill verið auðveldasta leiðin fyrir minnihlutann að segja meirihlutanum að nú skyldi hann bara klára málin hvaða erfiðleikar sem upp kynnu að koma. En í stað þess ákváðu þau að koma með okkur í þessa vegferð þannig að við unnum saman aðgerðaráætlun fyrir borgina. Ég held að við séum öll stolt af þeirri vinnu og þeim vegvísi sem aðgerðaráætlunin hefur verið fyrir okkur síðan.”

Fjárhagsáætlun hagræðingar og sparnaðar

Hanna Birna segir að aðgerðaráætlunin byggist á því að standa vörð um grunnþjónustuna, gjaldskrárnar og störfin og frá sam-

þykkt hennar í október sl. hafi allar ákvarðanir verið teknar á þeim grunni sem þar hafi náðst að mynda. “Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2009 var unnin í samræmi við aðgerðaráætlunina. Fjárhagsáætlun þessa árs byggist auðvitað á mikilli hagræðingu og öllum þeim sparnaði sem okkur þótti fært að leggja til. Við höfum dregið saman í útgjöldum hvarvetna þar sem það er hægt. Ég held ég megi segja að aldrei fyrr hafi verið farið í aðra eins hagræðingu á vettvangi borgarstjórnar – hvorki fyrr né síðar en það tókst hins vegar vonum betur bæði vegna þess að við unnum þetta með raunverulegu samráði við marga ólíka aðila. Síðan gerðum við annað sem teljast má til nýlundu og það er að við leituðum mjög markvisst til starfsmanna borgarinnar eftir frekari tillögum til hagræðingar og þeir sýndu mikinn vilja í verki með 1500 frábærum tillögum sem margar nýttust nú og aðrar nýtast síðar. Niðurstaðan varð sú að við náðum að skila fjárhagsáætlun sem gerir ekki ráð fyrir hallarekstri og okkur finnst það vera mikið afrek í sjálfu sér miðað við allar ytri aðstæður án þess að þurfa að hækka skatta.” Hanna Birna segir að öll skref í starfi borgarinnar nú séu miðuð við þessa fjárhagsáætlun og út frá henni. “Við endurskoðuðum fjárhagsáætlunina síðan í upphafi þessa árs og vinnum áfram í hennar anda. Við vitum að þetta ástand, sem nú varir er ekki eins tímabundið og við höfum vonað. Þetta virðist ætla að verða langvinnara en við áttum

von á og samhliða því verðum við stöðugt að skoða nýjar leiðir í rekstri borgarinnar.”

Að stíga tækifæri í hverju spori

En aðgerðaráætlunin er ekki það eina sem borgaryfirvöld hafa verið að vinna að því þau hafa einnig unnið að sóknaráætlun fyrir borgina. Við höfum verið að vinna að sóknaráætlun þar sem við höfum fengið fjölda fólks með okkur. Við höfum leitað til fólks úr skólakerfinu og frá atvinnulífinu til þess að leggja fram hugmyndir og að leggja okkur lið við þessa vinnu. Árangurinn af starfi þess er sá að nú erum við komin með frábæra sóknaráætlun í hendur. Með þessu viljum við segja að það er ekki nóg að skapa aðgerðaráætlun vegna þess ástands sem er í þjóðmálunum eftir bankahrunið heldur verðum við að huga að framtíðinni til miklu lengri tíma. Okkur hjá Reykjavíkurborg finnst mikilvægt að fólk stigi ekki kreppuna í hverju spori heldur stigi tækifæri í hverju spori. Þessi samræmlega sóknaráætlun er unnin með sama hætti og aðgerðaráætlunin til þess að á henni verði þverpólitíski eignarhald. Að hún lifi af meirihlutaskipti og verði viðvarandi.

Skólakerfið er lykilatriði

Hanna Birna segir að áhyggjur fólks beinist ekki síst að skólustarfinu. Þar sé um stærsta verkefni sveitarfélaganna að ræða, fjárfrekasta og eitt það mikilvægasta. Þetta séu eðlilegar áhyggjur

þegar ástand eins og nú skellur á. Hún vill hins vegar meina að borgaryfirvöldum í Reykjavík hafi tekist að leita þar hagræðingar án þess að það muni koma niður á þjónustu við börnin. Vissulega hafi þurft að bregðast við með ákveðinni breytingu á því sem hefur verið skilgreint sem viðbót- arþjónusta, en tekist hafi að standa vörð um grunnþjónustuna. "Ég vona að reykvísk börn hafi ekki fundið mikið fyrir þeim breytingum sem við höfum þurft að grípa til og innleiða af þessum sökum. Ég tel að þarna þurfum við að halda vel utan um alla þætti og gæta þess að verja börnin fyrir þessu ástandi hversu lengi sem það kann að vara. Við stofnuðum sérstakan starfshóp, Börnin í borginni, þar sem svið og stofn- anir á vegum Reykjavíkurborg- ar sem vinna með börnum vakta ástandið og aðstæður þeirra. En við munum ekki komast framhjá þessum stóra útgjaldalið nema að leita aukinnar hagræðingar og ég vona að um það geti náðst góð sátt við foreldra, starfsfólk og stéttarfélag þeirra sem starfa á þessum vettvangi. Það er eitt af þeim verkefnum sem framundan eru í rekstri borgarinnar og einnig annarra sveitarfélaga í landinu. Ég held að eitt af almennum verk- efnum sveitarfélaganna á næst- unni verði að leita hagræðingar í skólakerfinu án þess að það bitni á þessari mikilvægu grunnþjón- ustu." Hanna Birna segir að skóla- kerfið sé lyklatríði í þeirri von sem landsmenn verði að eiga út úr þessu ástandi. "Við erum vel menntuð þjóð, eigum gott skóla- kerfi og megum ekki gefa afslátt af því. En á hinn bóginn þá er ýmislegt innan búðar í skólakerf- inu sem má endurskoða eins og reyndar er í öllum kerfum. Við höfum farið þá leið hjá Reykja- víkurborg að leita til starfsfólks- ins sem sér oft ákveðnar lausn- ir betur en stjórnáamennirnir. Vita um einhverja þætti sem má draga saman eða jafnvel vera án í einhvern tíma án þess að það komi hart niður á þjónustunni. Við verðum að undirbúa næstu fjárhagsáætlun á sama hátt og þá sem nú er unnið eftir. Að vinna með starfsfólkinu okkar að því að ná nauðsynlegum markmiðum. Og í skólamálinum er ekki nóg að leita til starfsfólks skólanna. Við verðum einnig að leita til foreldra og fá fram þeirra sjónarmið

um hvornig við getum brugðist við þeim vanda sem hlýst af því að ekki eru til sömu fjármunir til skólastarfsins og áður. Í ástandi sem þessu er borgaryfirvöldum nauðsyn á að leita til sem flestra og þar eru íbúarnir ekkert und- an skildir. Það þarf að eiga sér stað ákveðið samtal og það sam- tal skiptir okkur sem vinnum að rekstri borgarinnar mjög miklu máli. Það er mín skoðun að til- lögur sem koma ofan frá og eiga að flæða niður eigi minni líkur á framgangi en þær tillögur sem verða til með kröftugu samráði og samskiptum þar sem ólíkir aðilar vinna sameiginlega að lausnum og útfærslum."

Er ekki að taka pólitíkina út úr pólitíkinni

Hanna Birna segir það skoðun sína að stjórnáamenn hafi verið of uppteknir af mikilvægi þess að eigna sér heildur af hugmynd- um eða verkefnum. Hugmyndinni um að eigna sér tiltekna hluti á pólitískum vettvangi og einnig að finna blóraböggla og gera ein- hvern ábyrgan. Nú stöndum við frammi fyrir þeirri staðreynd að við verðum að finna sameiginleg- ar lausnir og sýna þann þroska að geta gert það. "Með því er ég ekki að segja að nú skuli taka póli-

tíkina út úr pólitíkinni, eins og sumir nefna að þessi nýju vinnu- brögð geti gert. Það er arangt því svona samráð breytir engu um breiðu línurnar í stjórnámalunum. Sem dæmi um það hefur aukið samráð og aukin pólitísk sam- vinna á vettvangi borgarstjórnar Reykjavíkur engu breytt um þá staðreynd að meirihluti og minni- hluti takast hér enn á um gildi skattheimtu; um val í opinberri þjónustu; um hvað skilgreina beri sem grunnþjónustu og um aðra þá þætti sem varða grunnhugs- unina í rekstri sveitarfélaga. Sam- ráð og samstarf stjórnáalafla og flokka breytir ekki breiðu línunum að þessu leyti eða tekur frá okkur ólíka lífsskoðun okkar og ólíkar hugsjónir. Hver flokkur hefur sína stefnu eftir sem áður. En samstarf- ið breytir því að við getum laðað fram það besta frá öllum, við ráð- um betur við þetta viðfangsefni sem okkur er falið að leysa nú í augnablikinu og við eigum síðar að geta verið sátt við það sem við gerðum. Og þetta var hluti af aðgerðaráætlun Reykjavíkurborg- ar sem ég gat um og ákalli til rík- isvaldsins í samstöðu allra flokka í borgarstjórn um að ríkið verði að koma að þeim málum, sem nú er barist við með meira afgerandi hætti en áður."

Opið
mán. - föst. kl. 10-22.30
laugard. kl. 10-20
sunnud. kl. 12-20

SÚPER SÓL / NOON HÁRSTOFA
Hólmaseli 2, 109 Reykjavík
S. 567 2077 - 587 0077

2 fyrir 1 á gleraugum

Sjónmælingar á staðnum

GLERAUGNAVERSLUN GARÐABÆJAR

GARÐATORGI
OPIÐ KL. 10-18 ALLA VIRKA DAGA
LAUGARDAGA KL. 11-14

Sími 534 2661 gvg@gvg.is

SJÓNMAELINGAR – LINSUMÁTUN

din@din.is - www.din.is

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:
511 1188 & 895 8298

BÓNUSVÍDEÓ

Í HÓLAGARÐI (VIÐ HLIÐINA Á EFNAL AUGINNI)!

JÚNÍ TILBOÐ:

Ein ný og tvær gamlar DVD á 450 kr.
1/2 ltr. Pepsi/Pepsi Max 120 kr.
Nóa Kropp 220 kr.

50% AFSLÁTTUR AF NAMMIBARNUM Á LAUGARDÖGUM

BÓNUSVÍDEÓ LÓUHÓLUM 2-6. SÍMI 587-1080

VIÐ ERUM FLUTTIR AÐ DALVEGI 16a

Í tilefni af flutningunum veitum við 25% afslátt af vinnuliðum út júní.

Við getum einnig séð um allar smáviðgerðir fyrir þig, við skiptum um bremsuklossa, rúðupurrkublöð, ljósaperur ofl.

Smurstöðin Stórahjalla ehf. - Dalvegi 16a - 201 Kópavogi - Sími: 554 3430 - www.smurstodin.is

Frístundaheimilin fá vinaheiti

Vinasel, Vinafell og Vinaheimar eru ný nöfn á frístundaheimilum í Breiðholti. Á vormánuðum var haldin samkeppni um ný nöfn á þrjú frístundaheimili í hverfinu og báru þessi þrjú nöfn sigur úr þitum.

Næsta haust mun frístundaheimilið Denni dæmalausi í Selja

skóla heita Vinasel, Frísi fríski í Ölduselsskóla verður Vinaheimar og Plútó í Fellaskóla verður Vinafell. Nöfnin komu frá börnunum sjálfum og fengu sigurvegarnir gjafakort í diskó-keilu fyrir alla fjölskylduna að launum. Á myndunum eru sigurvegarnir sem fengu gjafakortin.



Sigríður Yrsa Elisdóttir og Elísabet Jenný Bergþórsdóttir.



Preina Inga Kristjánsdóttir.



Jeab en hún er starfsmaður Miðbergs og Heimir Blær.

Nýtt í fjarþjálfun
Íslenskt fjarþjálfunarforrit

- Skráðu þig inn hvar og hvernær sem er
- Fáðu aðhald og hvatungu í ræktinni og matarræði
- Náðu markmiðunum þínum

Fjarþjálfun í 6 mánuði
Aðeins: **BETRAFORM.IS**
24.990 kr.

Gróðursetning



Gróðursetning á vegum verkefnisins mannrækt trjárækt fór fram á gróðurreit að baki Gerðubergs fyrir skömmu. Mannrækt trjárækt er hluti af stærra verk-

efni sem kallast kynslóðirnar saman í Breiðholti og miðar að því að efla kynni yngri og eldri kynslóða. Þetta verkefni hefur staðið í nokkur ár og gefist vel en upphaf

þess má rekja til umræðna um minnkandi tengsl ungra og aldinna í samfélagi nútímans. Agústa H. Gísladóttir tók þessa mynd á gróðursetningardaginn.

Sumartónar í Elliðaárdal

Fella- og Hólakirkja mun í sumar standa fyrir tónleikaröðinni Sumartónar í Elliðaárdal. Um er að ræða röð vandaðra tónleika sem haldnir verða á fimmtudagskvöldum kl. 20 í júlí 2009 og er þetta í fyrsta sinn sem slík tónleikaröð er haldin í kirkjunni. Margir erlendir gestir, aðallega frá Norðurlöndunum, munu koma fram á tónleikum raðarinnar.

Röðin hefst þann 2. júlí, en þá munu organisti kirkjunnar, Guðný Einarsdóttir og Eva Þyri Hilmarsdóttir píanóleikari leika verk eftir frönsk tónskáld og má því búast við bragðmiklum og rómantískum tónleikum. Viku seinna, þann 9. júlí mun Háskólakórinn í Árósum koma fram undir stjórn Carsten Seyer-Hansen. Kórinn hefur getið sér gott orð í Danmörku, einkum fyrir frumflutning nýrra verka m.a. eftir Íslendinginn Stefán Arason, en Stefán söng með kórnum í nokkur ár. Kórinn heldur að meðaltali 10 - 12 tónleika á ári, bæði í Danmörku en einnig utan Danmerkur. Hann hefur gefið út geisladiska og komið fram í útvarpi og sjónvarpi. Hjónin David Schlafke organisti frá Þýskalandi og Mariya Semotyuk flautuleikari frá Úkraínu eru flytjendur á tónleikunum 16. júlí. Þau hjónin hafa bæði unnið



Fella- og Hólakirkja.

til verðlauna fyrir tónlistarflutning, haldið fjölda tónleika víða um lönd og hlotið mikið hrós fyrir vandaðan leik. Á tónleikunum þann 23. júlí mun blokkflaututrió frá Finnlandi og Danmörku koma fram. Tríóið, sem kallar sig Trio NordicBlock, leggur metnað sinn í flutning fjölbreyttrar tónlistar frá öllum tímum og hafa ný verk verið sérstaklega samín fyrir þau. Á tónleikum þeirra fá blokkflautur af öllum stærðum og gerðum hlutverk. Þess má geta að í tengslum við tónleikaröðina verður kaffihús

Gerðubergs opið milli kl.18 og 22 á tónleikadögum. Miðaverð er 1000 kr. en hægt er að kaupa miða við innganginn og í versluninni 12 Tónar við Skólavörðustíg. Fella- og Hólakirkja er staðsett í fallegu og rólegu umhverfi efst í Elliðaárdalnum. Úrval fallegra gönguleiða er í nágrenni hennar og er kirkjan kjörin staður til að heimsækja á fallegu sumarkvöldi. Með Sumartónum í Elliðaárdal gefst frábært tækifæri til að komast út í náttúruna og njóta góðrar tónlistar í leiðinni.

Nemendur hreinsa skólalóðina

Tvisvar á hverju skólaári fara allir nemendur Seljaskóla út eina kennslustund í senn til þess að hreinsa rusl á skólalóðinni og nánasta umhverfi. Þetta er fastur liður í Grænfánaverkefni skólans.

Nemendur undirbúa einnig blómaker fyrir gróðursetningu og er moldin er fengin úr moltutunnu skólans. Hreinsunar- og ræktunarstarf skólans er til fyrirmyndar og hefur vakið athygli. Það fellur einnig vel að fegrunardögum hverfisráðs Breiðholts þegar íbúar hverfisins eru hvattir til að fegra sitt nánasta umhverfi.

Myndin sýnir 4. bekkinga hreinsa skólalóðina.



Árleg sýning leikskólabarna í göngugötunni

Árleg myndlistarsýning leikskólabarna í Bakkahverfi í Breiðholti stóð yfir í göngugötunni í Mjóddinni frá 12. til 26. maí sl. Eins og á fyrri sýningum bærust margir myndir vel merktar, bæði frá hvaða leikskóla og með nafni barns. Sýningin hefur verið árlegur viðburður síðan 1989.

Í frétt frá leikskólunum segir að á sýningum sem þessum komi glögg fram hversu hugarheimur barna er margslunginn þótt þau eigi ekki alltaf orð til að lýsa honum. Mörg börn á leikskólaaldri hafa ríka þörf fyrir að tjá sig á skapandi hátt hvort sem er í máli eða myndmáli. Fjölbreytileg myndgerð og myndsköpun skipi veglegan sess í uppeldisstarfi leikskólans og tengist öðrum þáttum þess með ýmsum hætti. Með því að gera myndlist leikskólabarna sýnilega sé verið að gefa börnunum rödd í samfélaginu. Á opunarhátíðinni lék Lúðrasveit Árbæjar og Breiðholts nokkur lög og leikskólabörnin og gestir sungu. Bakameistarinn í Mjódd bauð gestum á opunarhátíðinni upp á veglega skúffuköku og Nettó í Mjódd gaf börnunum drykk. Auk leikskólanna í Bökkunum komu hverfisráð Breiðholts, Skólahljóm-sveit Árbæjar og Breiðholts, Ráðhús Reykjavíkur, ÍTR og Þjónustumiðstöð Breiðholts að undirbúningi og framkvæmd.



Leikskólabörn úr Bakkahverfinu í göngugötunni í Mjóddinni á opunardaginn.



Nokkur myndverka barnanna á sýningunni.

Myndir: ÁHG

Seljaskóli sigraði

Ræðulið Seljaskóla sigraði lið Hagaskóla í úrslitakeppni MOR-GON, sem er Mælsku og rök-ræðukeppni grunnskóla Reykjavíkur og nágrennis.

Umræðuefnið var "Ef við finnum geimverur, eigum við að boða þeim kristna trú." Lið Seljaskóla mælti á móti trúboðinu og vann keppnina með 150 stiga mun. Þeir sem skipuðu ræðulið Seljaskóla voru: Álfur Birkir Bjarnason, Bryndís Elín Halldórsdóttir, Agnar Már Brynjarsson og Oddur Ævar Gunnarsson. Álfur var valinn ræðumaður kvöldsins.



Álfur Birkir Bjarnason, ræðumaður kvöldsins með verðlaunabikarinn.

Úrval af nýjum fiski

Kofareyktur rauðmagi

Sigin grásleppa

Sjósiginn fiskur

Opið virka daga frá 10 til 18 og laugardaga fram yfir hádegi.

Fiskbúð Einars

Arnarbakka 4-6 • Sími: 551 1439 - 897 3639

Sumardagar í Hólagarði

NAGLA FEGURÐ
Naglastofa ■ Skóli ■ www.naglafegurd.is

Persónuleg þjónusta og þægilegt umhverfi

Sportvörur • Leikföng • Rífföng

Leiksport
Hólagarði

Sími: 557 5020

Vönduð tískuföt á góðu verði
Stærðir 36 - 50

Vefta
Tískuföt
Hólagarði - 557 20 10
www.vefta.is

Apótekið
lægra verð

BONUS
býður betur

fætur & fegurð
HÓLAGARÐI - LÓUHÓLUM 2-4
sími 557-5959

YR
HÁRSNYRTISTOFAN
HÓLAGARÐI

Boltinn í beinni



S: 567 8444
Krá • Sportbar
Smurbrauðstofa • Snittur
Gullnáman



Englar og rósin

Mánud. - miðvikud.
kl. 12 - 18:30
Fimmtud. - Laugard.
kl. 10 - 21:00
Sunnudaga
kl. 10 - 18:00

reinn
efnalaug & þvottahús
síðan 1975

Sími
557 2653

Gjafavörur, snyrtivörur og fylgihlutir í úrvali

Snyrtivöruverlsunin

Maná

Sími: 557 1644

Garðaúrgangurinn sóttur heim



Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, formaður umhverfis- og samgönguráðs Reykjavíkur tekur við fyrsta græna pokanum af Sveini Hannessyni, framkvæmdastjóra Gámapjónustunnar.

“Við höfðum ekki langan tíma til þess að hugsa þetta,” sagði Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Gámapjónustunnar í samtali við Breiðholtsblaðið þegar hann afhenti Þorbjörgu Helgu Vigfúsdóttur, borgarfulltrúa og formanns umhverfis- og samgönguráðs Reykjavíkur fyrsta garðpokann frá fyrirtækinu í Kaffi flóru í Laugardalnum á dögunum.

“Við höfðum fregnir af því að Reykjavíkurborg hygðist hætta að taka við garðaúrgangi frá íbúum borgarinnar vegna sparnaðaraðgerða og myndu borgarþegar þvi þurfa að losa sig við hann sjálfir með þeirri fyrirhófn sem því fylgir. Við sáum að þessi úrgangur félli vel að því sem við erum að gera í moltugerð á athafnasvæði okkar við Berghelli í Hafnarfirði og þess vegna tilvalið að bjóða þessa þjónustu. Með því fengjum við hráefni til moltugerðarinnar og borgarþegar tækifæri til þess að losna við garðaúrganginn á hentugan hátt.”

Fimm pokar og hirðing

Jón Ísaksson, markaðsstjóri Gámapjónustunnar segir að Garðpokinn sé 150 lítra sérmerktur grænn plastpoki sem ætlaður er til þess að setja garðaúrganginn í. Pokarnir verða seldir fimm saman og hirðingur er innifalinn í verðinu. Pokarnir verða sendir til viðskiptavina innan tveggja virkra daga frá pöntun og auðveldast er að panta pokana á netinu – á síðu Gámapjónustunnar á slóðinni www.gardpokinn.is en einnig sé hægt að óska eftir þeim í gegnum síma. Auk garðpokanna er hægt að fá sérstaka garðtunnu sem er 240 lítra græn tunna á hjólum sem eingöngu á að notast undir garðaúrgang. Garðtunnan

er losuð á tveggja vikna fresti yfir sumarmánuðina og líkt og garðpokann er auðveldast að panta hana á slóðinni www.gardtunna.is. Jón segir að báðar þessar leiðir séu mjög þægilegar til þess að losa sig við garðaúrganginn. Ekki þurfi lengur að troða honum inn í heimilisbílinn og aka með hann á næstu gáma- eða endurvinnslustöð. Gámapjónustan tryggir að garðaúrgangurinn fari einungis til endurvinnslu það er að segja moltugerðar. Gámapjónustan hefur starfað að umhverfismálum í aldarfjórðung og hjá fyrirtækinu er stöðugt unnið að því að aðgreina betur endurvinnsluefni frá öðrum úrgangi. Líður í því er að bjóða lóðareigendum að sækja garðaúrganginn heim að dyrum.

Að áburði á sex til átta vikum

Gámapjónustan hóf moltugerð fyrir um áratug og notaði þá hefðbundna aðferð við framleiðsluna sem var að koma úrganginum fyrir í göltum utandyra. Þessi aðferð dugar ágætlega en er þó ill nýtanleg við vetraraðstæður hér á landi sökum snögggra veðrabyrðna frá einum degi til annars. Því hófu starfsmenn Gámapjónustunnar að þróa aðra aðferð sem byggist á því að jarðgera úrganginn í lokuðum gámum. Öllu loftflæði í gámunum er stýrt með þar til gerðum búnaði sem skapar kröftuga hitamyndun í úrgangsmassanum til að umbreytingarferlið gangi hratt fyrir sig. Umbreyting hverrar lögunar af úrgangi tekur um það bil sex til átta vikur með þessari aðferð sem sé mikil framför frá fyrri aðferðum. Moltan er einkum notuð til gróðurhúsaræktunar en er einnig nýtanleg sem áburður í hefðbundnum landbúnaði.



Rúnar Geimundsson



Sigurður Rúnarsson



Elís Rúnarsson



Þorbergur Þórðarson

Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638
www.utfarir.is • runar@utfarir.is



Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990



Hvaða bók/bækur ertu að lesa?



Sóley Sverrisdóttir, nemi í Bókasafns- og upplýsingafræði við Háskóla Íslands er lesandi Breiðholtsblaðsins að þessu sinni. Hún flutti í Breiðholtið árið 1999. Hún segir Breiðholtið barnvænt hverfi og hafa tekið af því að dóttirin hafi verið að hefja sína skólagöngu. “Mér finnst ákaflega gott að búa hér við höfum allt til alls innan seilingar. Góðir skólar, leikskólar, framhaldsskóli að ógleymdu íþróttastarfinu,” segir Sóley.

Ég hef alltaf haft gaman að því að lesa góðar bækur og finnst tíma vel varið í lestur góðrar bókar. Þar sem ég er í námi fer ekki jafn mikill tími í lestur afþreyingar- og bókmennta og áður en í öllum fríum reyni ég að lesa sem mest. Núna er ég með sjö bækur á náttborðinu sem biða þess að vera lesnar. Ég hef verið dugleg að nota þetta frábæra bókasafn sem við höfum aðgang að í Gerðubergi. Síðasta bók sem ég las var Karlar sem hata konur og fannst mér hún alveg frábærlega spenn-



Sóley Sverrisdóttir.

andi. Hún fjallar um blaðamanninn Mikael Blomkvist en hann er dæmdur í fangelsi fyrir meiðyrði og ákveður að taka sér hvíld frá störfum. Honum er boðin vinna við að rannsaka hvað varð um

frænku Henriks Vanger fyrrum forstjóra en ekkert hefur spurst til hennar í fjórtíu ár. Hann fær sér til aðstoðar hina náfölu mjóslegnu og tattóveruðu Lisbeth Salander sem reynist vera frábær rannsakandi og tölvuséni. Samstarf þeirra gengur ekki vel í fyrstu en þau verða bestu vinir er þau kynast. Bókin sem ég er að lesa núna heitir Dóttir hennar dóttir mín og lofar hún góðu. Ég las líka Bókabjófmanninn og var hún hin ágætasta bók þar sem efnið er nálgast á annan hátt en venjan er þar sem dauðinn segir söguna. Það eru margar góðar bækur sem hægt er að mæla með. Þar er bókin hennar Jóhönnu Kristjónsdóttur Arabíukonur eiginlega skildu lesning fyrir alla. Eins er bókin Þúsund bjartar sólar mjög áhugaverð og vil líka nefna bókina Saffraneldhúsið en hún fannst mér ákaflega góð. Kristín Marja Baldursdóttir er frábær íslenskur höfundur og bækurnar Máfahlátur, Karítas og Óreiða á striga eru góð lesning.

Stóri leikjadagurinn við Breiðholtslaug



Fjölmennt var Stóra leikjadeginum í Breiðholti.

Stóri leikjadagurinn í Breiðholti var haldinn 19. maí sl. en það eru fristundaheimilin í Breiðholti; Álfheimar, Bakkasel, Denni dæmalausi, Fríssi fríski og Plútu, ásamt fristundaklúbbnum Hellinum sem standa sameiginleg að þessari vorhátíð barna og starfsmanna.

Hátíðin er haldin til skiptis við Hólmasel, Breiðholtsskóla og við Breiðholtslaug. Að þessu sinni var dagurinn haldinn á sparkvelli og grasblettum vestan við sundlaug Breiðholts. Á fjórða hundrað börn frá heimilunum mættu til leiks ásamt starfsfólki, ýmist með strætó eða gangandi og undu sér

vel í yndislegu veðri við leiki og grill. Leikirnir eru mjög fjölbreyttir fjölskyldu og hópleikir sem börnin hafa lært og leikið í sínum fristundaheimilum. Myndirnar voru teknar af starfsfólki Miðbergs við þetta tækifæri.

Síðasta göngumessan

Nú í júní hefur verið boðið upp á sérstakar sunnudagsgöngur í Breiðholti. Síðasta sunnudagsgangan verður 21. júní á sumarsólstöðum en þá verður lagt af stað frá Fella- og Hólakirkju kl. 19 og gengið til kvöldmessu í Seljakirkju kl. 20. Ekið verður með göngufólki aftur að þeirri kirkju sem göngurn-

ar hófust þegar allir hafa þegið hressingu eftir messurnar.

Þessar göngumessar eru liður í auknu samstarfi safnaðanna sem sameinast um helgihald þessa daga. Þær eru einnig tilvalið tækifæri til þess að njóta umhverfisins og náttúru Breiðholts í góðum félagskap. Fyrsta sunnudagsgangan var frá Breið-

holtskirkju í leiðsögn Birnu Bjarnleifsdóttur, leiðsögumanns sem meðal annars sagði frá gamla Breiðholtsbænum og fleiri merku stöðum. Næsta sunnudag var gengið frá Breiðholtskirkju um Elliðaárdaginn þar sem staldrað var við á merku stöðum til messu í Fella- og Hólakirkju.

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími: 511 1188 & 895 8298
borgarblod@simnet.is

Leiðrétting

Í síðasta tölublaði Breiðholtsblaðsins var misritað í viðtali við Snyrtistofuna Pandóru að þær notuðu aðalega vörur Lancome en það átti að vera frá snyrtivöruframleiðandanum Lanecheome.

Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.

174 útskrifast frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti



Fjölbrautaskólanum í Breiðholti var slitið í íþróttahúsi FB föstudaginn 22. maí sl. í sjötugasta og fyrsta sinn.

Alls voru 174 lokaprófsskrifteini afhent við hátíð-

lega athöfn í íþróttahúsi skólans við Austurberg. Kristín Arnalds, skólameistari skólans sleit skólanum í sitt síðasta skipti, en hún lætur af störfum í sumar eftir 23 ár sem skólameistari.

Reiðhjólajálmarnir afhentir

Félagar í Kiwanisklúbbnum Elliða hafntu fyrstu bekkjum grunnskóla í Breiðholti reiðhjólajálma í Seljakirkju 18. maí sl.

Um var að ræða árlega afhendingu klúbbfélaga á reiðhjólajálmum til sex ára barna. Forseti Kiwanisklúbbsins Elliða er Páll V. Sigurðsson. Ágústa H. Gísladóttir, frístundaráðgjafi hjá Þjónustumiðstöð Breiðholts tók þessar myndir frá afhendingunni fyrir Breiðholtsblaðið.



Börn koma í rútu að Seljakirkju.




Vissara að skoða vel.

Nýtt Breiðholtsskáld

Hörður Andri Steingrímsson var að gefa út sína fyrstu ljóðabók. Titill bókarinnar er "Í upphafi skapaði Guð" og hefur höfundurinn skrifað ljóð með trúarlegum og heimspekilegum pælingum.

Ljóðin eru bæði óhefðbundin og bundin að formi til og segir höfundurinn að hvort sem fólk sé sammála eða ósammála hugmyndunum, hafi gaman af ljóðum eða ekki, þá mun þessi lesning eflaust framkalla bros hjá flestum. Hörður beitir oft fyrir sig hnyttni í orðalagi og einnig kaldhæðnum húmor í pælingum sínum. Hörður



Hörður Andri Steingrímsson.

er upp alinn á Eyrarbakka en hefur búið með konu sinni, Steinunni Ýr, og dætrum þeirra í Breiðholti síðan í október á liðnu ári. "Breiðholtið er samt ekki alveg nýr staður fyrir okkur þar sem ég starfaði í biblíuskólanum í Völvufelli um tíma og Steinunn kona mín bjó í Breiðholti í nokkur ár og stundaði einnig nám í FB," segir Hörður. Bókin fæst í Glætunni á Laugavegi 19, Kirkjuhúsinu, Smekkleysu og víðar í bóka-búðum.

Tilboð allan júní og júlí

Gerðu tásurnar klárar fyrir sumarið
French gel á tásur aðeins
kr. 4.500

Litun og plokun
kr. 2.800

Allar vaxmeðferðir
á 15% afslætti

f Fætur & fegurð
HÓLAGARDI • LÓUHÓLUM 2-4 • SÍMI 557 5959

LOKSINS FISKBÚÐ Í MJÓDD

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.



Amór L. Pálsson
framkvæmdastjóri



Ísleifur Jónsson
útfarastjóri



Frímann Andrésson
útfararþjónusta



Svafar Magnússon
útfararþjónusta

— REYNSLA • UMHYGGJA • TRAUST —



Hugrún Jónsdóttir
útfararþjónusta



Guðmundur Baldvinsson
útfararþjónusta



Þorsteinn Elísson
útfararþjónusta



Ellert Ingason
útfararþjónusta

Þegar andlát ber að höndum

Önnumst alla þætti útfararinnar



ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is



ER LÍFIÐ ERFITT?
HJÁLPARSÍMI RAUÐA KROSSINS
ER OPINN **1717**

Rauði kross Íslands | Síminn

Bernskuminningar úr Breiðholtinu

Sigríður Guðný Sverrisdóttir, grafískur hönnuður og myndlistarmaður rifjar bernsku- og unglingsárin í Breiðholtinu upp að þessu sinni. Sigríður býr í Breiðholtinu og starfar þar að myndlist sinni. Eiginmaður hennar er Jón Gunnarsson og þau eiga synina Sverri Örn og Birgir Freyr auk þess sem þau hafa eignast japanska tengdadóttir.

Mér finnst ég eiga svolítið í þessu hverfi

Ég var á níunda árinu þegar ég flutti í Breiðholtið. Við fluttum í Ferjubakkann sem var ein fyrsta gatan í hverfinu. Foreldrar mínir voru því algerir frumbýlingar í Bökkunum. Við bjuggum í annarri af fyrstu tveimur blokkunum sem risu þarna. Ég ólst upp hjá ömmu minni sem bjó á Njálsgötunni fram að þeim tíma, þvældist mikið um Þingholtin og ég man vel eftir mér sem miðborgarbarni. Það var mikil breyting að koma uppeftir. Þetta var hreinlega eins og að fara úr borg í sveit. Ég hafði gengið í Austurbæjarskólann og fyrsta árið okkar í Breiðholtinu var enginn skóli þar. Ég var svo heppin að Breiðholtskrakkarnir fóru í Austurbæjarskólann þennan vetur þannig að ég hélt áfram í gamla skólanum mínum með sömu skólafélögnum.

Breiðholtsskólinn var deild í Austurbæjarskóla. Það kom skólabíll uppeftir og sótti okkur þannig að við þurftum ekki að taka strætó enda voru strætóferðir tapast hafnar í Breiðholtið á þessum tíma. Þessi skóalganga varð til þess að fyrstu krakkarnir úr Breiðholtinu kynntust í Austurbæjarskólanum. Það var heldur eingin sundlaug komin í Breiðholtið þannig að við vorum í skóalsundi í Sundhöllinni. Tengslin héldu þannig áfram. Mér fannst þetta ágætt. Umskiptin voru ekki alveg eins mikil og ég gat verið með annan fótinn hjá ömmu á Njálsgötunni. En svo var Breiðholtsskólinn byggður í miðkjarnanum í Bökkunum og þá þurftum við ekki lengur að fara niður í bæ. Breiðholtsskólinn var svo vel staðsettur að við þurftum ekki einu sinni að fara yfir götu til þess að komast í skólann sem er einn mikilvægasti kosturinn við Bakkana en þann dag í dag. Ég var því í fyrsta árganginum í Breiðholtsskóla og einnig í fyrsta árganginum í nýja skólahúsinu í Bökkunum.

Aftur í fyrsta árgangi

Þótt ég lyki Breiðholtsskóla var ekki þar með sagt að ég hætti að vera í fyrsta árgangi í nýjum skóla. Þegar ég var að ljúka grunnskólanum var FB í byggingu og ég var einnig í fyrsta árganginum í þeim ágæta skóla. Ég inn-



Fyrsti vorútskriftarhópurinn úr FB. Sigríður er um miðju í fremstu röðinni.

ritaðist á listasvið og er í fyrsta hópnunum sem útskrifaðist þaðan. FB var framhaldsskóli nýrra tíma og margt með öðru sniði en í gömlu menntaskólunum. Áfangakerfið var komið og listasvið var alger nýlunda í framhaldsskóla. Við vorum svona hálfgerð tilraunadýr vegna þess að verið var að þróa þessa braut. Ég man vel eftir Guðmundi Sveinssyni, fyrsta skólameistara FB. Hann hafði mikinn metnað fyrir hönd þessa nýja skóla og okkar nemandanna og hann kenndi okkur sjálfur með skólastjórninni. Við vorum lítið hópur og vorum að halda upp á 30 ára stúdentsafmælið okkar í vor. Leiðin lá síðan í Myndlistar og handíðaskólan. Myndlistin var lengi búin að blunda í mér. Ég fór í grafíska hönnun og vann við hana í 20 ár. Þá vatt ég kvæði mínu í kross. Fót til Ítalíu til að læra meira í málun. Svo fékk ég mér kennsluréttindi en var í hönnuninni með. Það var frábært að fá tækifæri til að fara til Ítalíu þótt ég væri bara í eina önn í sumarskóla. Maður öðlaðist víðari sjóndeildarhring og myndlistin hefur síðan verið megin viðfangsefnið.

Þetta var sveitastemming

Líf okkar krakkanna var með allt öðrum hætti í Breiðholtinu en í 101-um. Þetta var hrein sveitastemming. Fyrstu árin var Efra Breiðholtið ekki til. Við þurftum



Sigríður um það leyti sem hún flutti af Njálsgötunni í Breiðholtið.

ekki annað en að hlaupa yfir götu til þess að vera komin yfir í holtið og þar var aðal leiksvæðið okkar. Við byggðum okkur bú innan um steina og mosa nokkuð sem ekki var hægt í Þingholtunum og svo var mikil berjaspretta þarna þegar leið á sumar. Við átum mikið af berjum og komum yfirleitt heim berjablá aftur að eyrum því við tíndum jafnan ber til þess að nota fyrir veitingar í þessum holtabúskap okkar. Ég hafði alltaf labbað mikið. Ég þvældist út um allt á meðan við vorum niðri í bæ. Ég átti aðra ömmu á Seltjarnarnesi og þegar ég var fimm ára þá labbaði ég alla leið út Nes til hennar til þess að sýna vinkonu minni að ég rataði alla leið þangað. Ég týndist stundum á þessu flakki og það þurfti jafnvel að leita að mér ef ég skilaði mér ekki nægilega fljótt heim. Ég bý enn að þessum frumbersku árum því að þótt ég hafi flutt burt þá þekki ég Miðborgina ákaflega vel. Ég átti góðar vinkonur af Njáló sem ég hélt sambandi við eftir

að við komum uppeftir. En vinnu-myndunin var engu að síður með öðrum hætti. Hverfið byggðist mjög hratt og nýtt fólk flutti inn nánast á hverjum degi. Í flestum fjölskyldunum sem komu voru börn og svo fæddust ný börn eins og gengur. Íbúarnir voru á þeim aldri. Því varð fljótt mikill fjöldi af krökkum í hverfinu okkar. Það voru börn út um allt og því mun meira líf og fjör en ég hafði kynnst niður í bæ. Við fórum oft niður í Elliðaárdal sem er perla Reykjavíkur. Þarna voru stór og mikil leiksvæði gerð af náttúrunnar hendi. Eitt þeirra var Indíanaglið sem er hreinn ævintýraheimur. Við fórum líka oft yfir ána. Hoppuðum á steinum og stundum duttum við í ána og komum rennblaum heim. En við vorum nú ekkert að setja það fyrir okkur.

Mér finnst ég eiga svolítið í þessu hverfi

Og ég er enn í Breiðholtinu. Í



Með stúdentshúfunu.

Bökkunum. Ég hef búið þar síðan við fluttum fyrst að undanskyldum fimm árum. Ég fór aðeins yfir í Ártúnsholtið en kom aftur. Er í Dvergabakkanum núna. Það er gott útsýni af svölunum mínum en ég er háð því að hafa útsýni. Gamlaárskvöldin byrja oft hjá mér vegna þess hversu miðsvæðis ég er í borginni. Stórfjölskyldan hittist hjá mér eins og eins vinnuhópurinn ef leggja á upp í ferðir. Þetta hefur góð áhrif á fjölskylduna. Ég finn líka sömu kostina og þegar ég var að alast upp. Þeir eru flestir enn til staðar þótt búið sé að byggja holtið og krakkar geri sér ekki lengur bú þar. Ég er svo heppin að ég er með vinnustofu í Breiðholtinu. Í Seljahverfinu þar sem ég deili hentugu húsnæði með vinkonu minni. Sagan hefur líka endurtekið sig að nokkru leyti. Strákarnir mínir fóru í Breiðholtsskóla og þaðan í FB. Það var ákveðið ævintýri að fá að sjá þetta hverfi rísa upp. Sjá moldarhaugana og byggingarnar vaxa. Á tímabili voru stillansar utan á flestum húsum. Og svo þurfti að gróðursetja. Ég var í unglingsvinnunni í Breiðholtinu og gróðursetti eitt-hvað af þeim plöntum sem nú eru orðnar að stórum trjám og prýða hverfið. Margir héldu að þetta myndi aldrei vaxa. En þeir höfðu rangt fyrir sér. Mér finnst ég eiga svolítið í þessu hverfi.



Sigríður í vinnustofunni með nokkur verka sinna.

Athyglisvert námsframboð í MK

Menntaskólanum í Kópavogi býður nú fjölbreytt námsframboð bæði fyrir þá sem yngri eru og eins fyrir fullorðin fólk sem óskar eftir námi á morgnana, á námskeiðum síðdegis eða í fjarnámi. Inga Karlsdóttir fagstjóri, námsins segir að um nám í viðskiptatengdum greinum á fjármálagreina-braut skólans sé að ræða.

Þarna er um möguleika að ræða fyrir fólk sem ekki hefur verið lengi í skóla eða er af einhverjum ástæðum hrætt við að hefja nám að nýju. Með hinu nýja námsframboði er verið að skapa tækifæri til þess að byrja alveg upp á nýtt og læra á tölvur, bókhald og fleira sem atvinnurekendur eru að leita eftir. "Við byrjum í lok ágúst og tökum tvær annir þar sem höfuðáhersla er lögð á viðskipta- og samskipta-greinar," segir Inga.

Fólk með grunnskólapróf getur komið

"Inntökuskilyrði okkar eru grunnskólapróf en að öðru leyti er ekki krafist undirstöðupekkingar í námsgreinunum. Við kappkostum að sinna hverjum einstaklingi sérstaklega og kennararnir okkar eru bæði áhugasamir og vel menntaðir. Við verðum með fjarnám á skrifstofubraut samhliða dagskólanum sem er ætlað þeim sem búa utan höfuðborgarsvæðisins eða hafa ekki tök á að koma í skólann. Inntökuskilyrði og kennslugreinar eru þær sömu og í staðbundna náminu en námsefninu verður deilt á þrjár annir í fjarnáminu. Ein staðbundin lota er á hverri önn svo þetta er mjög hentugt fyrir þá sem eru til dæmis heimavinnandi. Auk þessa bjóðum við nám á skrifstofubraut fyrir þá sem ekki hafa íslensku að móðurmáli eða Office Skills Programme for Foreign Students. Þá kennum við fjögur kvöld í viku í tvær annir og kennum námsgreinar í lotum þannig að nemendur þurfi ekki að hafa nema tvær námsgreinar að hugsa um og þetta er ekki allt. Því við bjóðum líka upp á framhaldsnám á skrifstofubraut eða skrifstofubraut II og jafnvel í haust verður boðið framhald af þeirri braut." Inga segir að til viðbótar sé í boði fjarnám sem hentar þeim sem hafa undirstöðu í bókhaldi og vilja bæta við þekkingu sína eða eru starfandi í fjármála-fyrirtækjum. Einnig sé boðið upp á stök námskeið í viðskiptaensku og bókhaldi, og munum örugglega halda því áfram næsta vetur."

Unnið í litlum hópum

Inga segir að einn kosturinn við þetta nám sé að unnið verði í til- tölulega litlum hópum þar sem áhersla verður lögð á að sinna hverjum einstaklingi sérstaklega. Skólinn njóti þess að hafa einstaklega góðan hóp kennara innan sinna veggja sem þekki vel til kennslu fullorðinna. Það sé mjög mikilvægt að gera sér grein fyrir því að fullorðnir námsmenn hafa aðrar þarfir og bera með sér annars konar reynslu heldur en unga fólk sem á að baki samfellda skólagöngu. "Þetta fólk hefur oft verið lengi í burtu frá skóla, á sér misgóðar minningar frá fyrri skólagöngu og tileinka sér námsefnið á

annan hátt en þeir ungu. Skrifstofu- brautin okkar er nú búin að slíta barnsskónum og orðin þekkt og vel metin úti í atvinnulífinu. Því er ánægjulegt að segja frá því nú að það hafa myndast einstaklega góð vináttubönd innan þessara hópa og ófær klúbbarnir sem haf orðið til upp úr þessu námi. Svo styttest í að við hefjum kennslu fyrir þá sem hafa áhuga á að verða viður- kenndir, löggiltir bókarar." Innritun er hafin og þeir sem hafa áhuga geta farið inn á heimasíðu skólans á www.mk.is eða hafa samband við Ingu Karlsdóttur í síma 594 4000 /8244114 eða á netfanginu inga.karlsdottir@mk.is.

Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför



Sverrir Einarsson



Hermann Jónasson



Jón G. Bjarnason



Bryndís Valbjarnardóttir



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utforin.is

Vaktsími: 581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt

Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmörgu • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar



ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is

Vaktsími: 565 5892 & 896 8242 • Sólarhringsvakt

Komum heim til aðstandenda ef óskað er



Opið hús í Gvendarbrunnum 20. júní

Vatnsveitan í Reykjavík 100 ára

Í ár eru liðin 100 ár síðan Vatnsveita Reykjavíkur tók til starfa. Vatnsveitan var þá mesta mannvirki sem Íslendingar höfðu ráðist í. Til að fagna þessum tímamótum býður Orkuveita Reykjavíkur öllum íbúum á höfuðborgarsvæðinu að koma í heimsókn í Gvendarbrunna í Heiðmörk og skoða og fræðast um þessa dýrmætu auðlind.

Svæðið verður opið kl. 10:00 - 17:00

Rútuferðir til og frá Gvendarbrunnum

Frá Bæjarhálsi 1 að Gvendarbrunnum: Kl. 10:00 – 11:00 – 12:00 – 13:00 – 14:00 – 15:00.

Frá Gvendarbrunnum að Bæjarhálsi 1: Kl. 11:00 – 12:00 – 13:00 – 14:00 – 15:00 – 16:00.

Kynnisferðir um vatnsverndarsvæðið

Bílferð með leiðsögumanni á klukkustundarfresti í Vatnsendakrika með viðkomu í Myllulæk.

Gönguleiðir

Gengið frá Gvendarbrunnahúsi að dæluhúsinu T-1 og þaðan að Jaðri og göngunni er lokið við gamla inntakið frá 1947 að Gvendarbrunnum.

Veitingar í boði

Sögu- og fræðslusýning í sýningarsal á 1. og 2. hæð

Allir velkomnir



Þakviðgerðarmál- inu vísað frá



Hér er Herbert Guðmundsson við upptöku með Ólafi Gauk.

Hæstiréttur hefur vísaði frá máli húsfélagsins Prestsbakka 11 til 21 gegn Herberti Guðmundssyni vegna þakviðgerða á raðhúsalengjunni.

Hæstiréttur taldi slíka bresti á málatilbúnaði húsfélagsins að óhjákvæmilegt væri að vísa málinu í heild frá héraðsdómi vegna vanreifunar. Héraðsdómur Reykjavíkur hafði í júní á síðasta ári dæmt Herbert til að greiða 3,9 milljónir króna til húsfélagsins vegna viðgerða á þökum húsanna. Áður en tekin var ákvörðun um að eigendur allra íbúðanna tækju þátt í kostnaðinum hafði Herbert

látið gera umfangsmiklar viðgerðir á sínu þaki án þátttöku annarra húseigenda. Hann andmælti því ávallt greiðsluskyldu.

Breiðholtsblaðið átti tal við Herbert á sínum tíma þegar hann tók þá ákvörðun að taka ekki þátt í viðgerðakostnaði á þaki húss síns þar sem hann væri búinn að framkvæma slíka viðgerð og ætti viðgerðaráætlun húsfélagsins því ekki við hans hús. Því var stjórn húsfélagsins ósammála og lét reyna á kröfu á hendur Herbert vegna þakviðgerðarinnar fyrir dómstólum.

Hæstiréttur taldi að kostnaðarskiptingin væri óeðlileg og afar ósanngjörn og var fallist á sjónarmið Herberts að honum væri óskyldt að bera kostnað af viðgerðum á þökum hinna húsanna.



TIL UMHUGSUNAR

Eftir Ólaf Jóhann Borgþórsson

Með lögum skal land byggja

Það var góður fundur sem haldinn var um löggæslu mál í Breiðholti nú fyrir skemmstu eins og lesa má um annars staðar í blaðinu. Þegar við höfum verið vörud við niðurskurði í flestum málaflokkum ríkisins hlýtur maður að spyrja hvaða málaflokkur megi við niðurskurði og hvar megi alls ekki skera niður. Það verður ekki deilt um mikilvægi lögreglunnar í okkar samfélagi og á krepputímum er kannski hlutverk hennar aldrei mikilvægara, því svo virðist sem afbrotum fjölgi frekar þegar harðnar í ári. Ekki skal sagt hvað framtíðin ber í skauti, en undanfarin ár hefur afbrotum í Breiðholti hins vegar fækkað mikið. Samvinna heimila, stofnana og lögreglu hafa skilað sér í enn öflugri löggæslu og auknu öryggi íbúanna, um það þurfum við að standa vörð og viðhalda. Fundurinn var meðal annars haldinn til þess að sýna að íbúunum stendur ekki á sama um þessi mál og hve reynslan er árangursrík af okkar góðu hverfislögreglumönnum. En við megum heldur ekki gleyma okkar eigin þætti í því að búa börnum okkar og fjölskyldu öruggt samfélag. Það gerum við sannarlega með því að hafa áhrif á stofnanir

samfélagsins, en við megum þó aldrei gleyma að huga að hornsteinum samfélagsins sem er hvert hús og hvert heimili. Þar fer fram mesta og besta forvarnarstarfið sem aldrei verður ofmetið. Fyrir allmörgum árum spurði enskt tímarit hina mörgu lesendur sína: „Hvað er heimilið?“ Alls bárust 800 svör frá lesendum blaðsins, mörg hver afar forvitnileg. Þessi átta svör voru talin best: Heimur baráttu utan veggja, kærleika innan veggja – Staður þar sem litlir eru stórir og stórir litlir - Konungsríki pabba, heimur mömmu, paradís barnanna - Takmark vona okkar - Athvarf sem bestu óskir hvers hjarta beinast að - Staður þar sem við mögnum mest en njótum mestrar umhyggju, staður þar sem við erum mettuð með þremur máltíðum á dag en hjartað fær þúsund - eini staðurinn á jarðríki þar sem kærleikur hylur veikleika okkar. Þetta eru gullvæg svör og vel umhugsunarverð. Margir hafa haft áhyggjur af þeirri þróun heimilanna undanfarna áratugi þar sem hvert herbergi er næstum eins útbúið og heilt heimili, með sjónvarp, DVD, tölvu og samskipti milli heimilisfólks séu eftir því af skornum skammti. Ekki ætla ég að fullyrða

að ástandið sé svo dapurt hjá okkur, en þó held ég að það gerði mörgum gott að eiga meiri stund með fjölskyldu sinni í spili og spjalli. Traust og góð samskipti barna og foreldra skipta sköpum varðandi siðferði, dyggðir og góða breyttni. Barn sem ekki elst upp við traustar hefðir, viðmið og reglur getur orðið öryggislaust. Það veit ekki hvað við á við í ólíkum aðstæðum, er óöruggt gagnvart því hvað er rétt og rangt. Það er nefnilega ekki nóg að kunna skil á góðu og illu, mikilvægast er að barnið finni löngun til þess að sækjast eftir hinu góða. Það eru engin lög eða reglur sem geta nært þann þátt sálarinnar, fyrst og síðast er það uppeldið sem þar ræður mestu, að annast barnið, ala það upp og vísa því veginn með heilbrigðu og góðu eftirdæmi. Það stuðlar að því að barnið verði heilbrigð manneskja siðferðilega og félagslega. Bænin og trúin er ekki síst þeir þætti sem næra virðingu og lotningu fyrir því sem æðra er, leggur grunn að heilbrigðri afstöðu og þakklætis gagnvart lífinu og gjöfum þess. Leitum allra leiða til að gera heimilin að gríðastað!

Breiðholtsblaðið
borgarblod.is

SPORTID.IS

Fjölbreyttasti Íþróttavefur Landsins

Sportid Tv
væntanlegt í
September

Netþátturinn **SPORTID LIVE**

öll sunnudags kvöld
kl 22:00 á netinu.

Beinar útsendingar frá leikjum
í 1.deild karla og úrvalsdeild kvenna

1.leikur í hverri umferð

sportid.blog.is

Kvennahlaupið í Breiðholtinu

Kvennahlaup ÍSÍ í Breiðholtinu fór fram sl. mánudag og var að þessu sinni eins og áður í umsjón félagsstarfsins í Gerðubergi. Kvennahlaupið fór í fyrsta sinn fram í Breiðholtinu árið 2003 en tveir áratugir eru síðan kvennahlaupi ÍSÍ var ýtt úr vör.

Kvennahlaupið í Breiðholtinu fer jafnan fram á virkum degi einkum vegna þátttöku hreyfihamlaðra sem nýta sér ferðapjónustu. Það var fjölbreyttur hópur sem hélt að þessu sinni frá Gerðubergi til þess að hreyfa sig og sýna samstöðu með konum en kvennahlaup ÍSÍ er tengt kvennagedinum 19. júní. Marta Guðjónsdóttir, varaborgarfulltrú ræsti hlaupið að þessu sinni.



Hluti þátttakenda í kvennahlaupinu.

Ungur nemur gamall temur

Rauði kross Íslands hefur í samvinnu við Öldrunarráð Íslands og Félagráðgjafadeild Háskóla Íslands staðið fyrir sumarnámskeiðum fyrir börn á aldrinum 7 til 12 ára á höfuðborgarsvæðinu og Akranesi. Um er að ræða fimm daga námskeið, þar sem fræðslu var miðlað virka daga frá klukkun 9 til 16 þátttakendum að kostnaðarlausu.

Það sem athyglisvert er við þetta námskeiðshald er að leiðbeinendur á námskeiðunum voru að mestu eldri borgarar. Um er að ræða tilraunaverkefni til að tengja saman eldri og yngri kynslóðir þar sem markmiðið er að miðla gömlum gildum og þekkingu frá hinum eldri til hinna yngri. Á undanförunum árum hefur verkefnið kynslóðirnar saman verið til staðar í Breiðholtinu þar sem börn og eldri borgarar hafa átt sameiginlegar stundir. Nú er farið skrefinu lengra í þessu starfi og efnt til námskeiðshalds þar sem hinir eldri miðla þeim yngri af þekkingu sinni og reynslu. Námskeið voru haldin í félagsstarfinu í Gerðubergi dagana 8. til 12. júní og 15. - 19. júní. Segja má að hugtakið "ungur nemur gamall temur" hafi verið í hávegum í Gerðubergi þessa júnídaga.



Ungir sem aldnir tóku sér ýmislegt fyrir hendur á námskeiðunum. Þessir krakkar voru að læra að smíða.

Er bílsætið rifið?



- Viðgerðir á öllum gerðum af bílsætum.
- Öll almenn bólstrun og viðgerðir á húsgögnum.
- Sækjum sendum á öllu stór Reyjavíkursvæðinu.
- Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu

HS Bólstrun ehf
www.bolstrun.is/hs



Auðbrekka 1 200 Kópavogi
Sími 544 5750 hs@bolstrun.is

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:
511 1188 & 895 8298
borgarblod.is



STEAKANDPLAY



**HLAÐBORD
ALLA VIRKA DAGA FRÁ
KL: 11:30 - 14:00
VERÐ: 1190**

**PIZZUR, HAMBORGARAR
PASTA, STEKUR OG FL.**

HÆGT ER AÐ PANTA FYRIR HÓPA
Í HLAÐBORD
STEAKANDPLAY@STEAKANDPLAY.IS

GRENSÁSVEGI 5-7 - SÍMI 553 4030 - WWW.STEAKANDPLAY.IS

Getraunarnr. 111

www.leiknir.com

Leiknir var stofnað 1973



Austurbergi 1, Efra Breiðholti

Nóg að gera hjá Ægiskrökkunum



Ægissstelpur setja sundgleraugun á sig.

Frá því á Bikar hefur verið nóg að gera hjá Ægiskrökkunum. Þau hafa keppt á nokkrum mótum síðan þá og gengið vel að vanda og alltaf einhverjir að bætast í AMÍ hópinn. Yngri hóparnir tóku þá í móti hjá Breiðablik helgina 23. og 24. maí og þau eldri fóru svo á SH mót þann 29. maí. Bæði mótin gengu vel fyrir sig og krakkarnir stóðu sig frábærlega og voru flest að bæta sína bestu tíma.

Helgina 5. til 7. júní voru svo haldnir Akranesleikar og þangað fóru yngri krakkarnir sem ekki fara á AMÍ. Þetta var mikil ævintýri fyrir þau, því flest voru þau þarna að fara á sitt fyrsta mót þar sem gíst er á mótstað. Næsta og síðasta mót þessa tímabils er síðan aldursmeistaramótið AMÍ sem haldið verður á Akureyri 25. til 28. júní. Þangað höldum við Ægiringar með um 40 sundkrakka sem eru staðráðin í að synda vel og safna fullt af stigum. Það verður svo spennandi að sjá hvernig gengur hjá þeim. Undanfarið hafa líka nokkrir Ægiringar haldið utan á mót með landsliðinu.

En þau Karen Sif Vilhjálmisdóttir, Eygló Ósk Gústafsdóttir og Anton Sveinn McKee keppu í Osló með unglingalandsliðinu. Þau stóðu sig mjög vel og voru oft að vinna sína aldurshópa og í úrslitum í opnum flokkum. Síðan héldu fjórir Ægiringar á Smáþjóðaleikana í Kypur en það voru þau Jakob Jóhann Sveinsson, Sigrún Brá Sverrisdóttir, Jóhanna Gerða Gústafsdóttir og Sarah Blake Bateman. Þau stóðu sig mjög vel þar og voru t.d. bæði Jóhanna og Sarah í boðsundsveitinni sem settir landsmet í 4*100m fjórsundi. Sigrún Brá og Jakob Jóhann héldu svo áfram á Mare Nostrum mótardöðina en þau ætla að taka þátt í mótinu í Cannet í Frakklandi. Það er því að vanda í nógu að snúast hjá þessum duglegu Ægiskrökkum.

RG.
Myndir: B/Æ.



Tilbúin í slaginn.

TÖLUM SAMAN!
á vinanetinu

Vantar þig félagskap?

Láttu þig að spjalla á netinu!

Viltu kynna nýju fólk?



Skilðu þig á vinanet.is og vertu með þá uppáhitt þú getur stjórnað gífurlega vel til ávíkva.

Ungmennahreyfing

1717

Rauði kross Íslands

Frábær mæting í knattspyrnskóla Leiknis og Dóminos

Knattspyrnunámskeið Leiknis sem haldið er í samvinnu við Dominoz hefur farið frábærlega af stað. Um 80 börn eru í knattspyrnskólanum að þessu sinni og hefur fjöldinn aldrei áður verið slíkur og er enn að bætast í.

Í knattspyrnskólanum fá börn

að kynna skemmtilegum hliðum knattspyrnunnar ásamt því að farið er í skemmtilega leiki. Skólastjórinn Davíð Snorri Jónasson er yfir þessu öllu saman og í stuttu viðtali við Leiknisíðuna sagðist hann vera virkilega ánægður með krakkana sem sækja námskeiðið,

þau séu algjörlega til fyrirmyndar. Einnig hafði hann á orði að hann væri ánægður með hve margar stelpur skilúðu sér nú í knattspyrnskólann og vildi koma því á framfæri við allar stelpur að nú væri tíminn til að koma í fótboltann.

Breiðholtshlaup Leiknis

Breiðholtshlaup Leiknis fór fram á dögunum við góðar undirtektir að venju. 15 hlauparar voru mættir til keppni í 10 km hlaupinu en fjöldinn allur af keppendum hljóp 5 km og enn fleirri þreyttu skemmtiskokkið í Elliðaárdalnum.

Aðstæður voru með ágætum þegar hlaupið var þreytt en sú nýbreytni var að hlaupið fór fram frá Leiknishúsinu hinu nýja. Mæltist það afar vel fyrir enda húsið allt hið glæsilegasta. Í 5 km hlaupinu kom Guðmundir Kr Guðnason fyrstu í mark á 21,20 mín. Sigurvegari í 10 km hlaupinu var Óskar Jakobsson á 38,57 mínútum sem er auðvitað ekki mennskt. Hlaupið þótti takast með miklum ágætum. Leiknisfólk fór svo að afloknu hlaupi á Leiknisvöllinn þar sem

farið var í leik milli foreldra og iðkenda og svo var boðið uppá bakkelsi fyrir mannskapinn. Ein-

staklega vel heppnaður dagur í hinu ægifagra Breiðholti, þar sem best er að búa.



Englar og Rósir

Englar og Rósir

Hólagarði Lóuhólum 2-6,
Auglýsir breyttan opnunartíma í sumar

Sunnud. – Fimmtud. kl. 12 – 18:30

Föstud. – Laugard. kl. 10 – 19:30

LOKAÐ á sunnudögum í JÚLÍ og fram yfir verslunarmannahelgi

Tekið er við pöntunum fyrir brúðkaup, útfarir og heimsendingarí síma: 557-3460 frá kl. 9-20, alla daga vikuna.

Bendum á facebook síðuna okkar þar sem hægt er að skoða myndir af hinum ýmsu skreytingum og fylgjast með því allra nýjasta sem er að gerast.

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:

511 1188 &

895 8298

borgarblod.is

**Eigum
sumarvörur
fyrir þig**

**ÍR- og Leiknisvörur
í úrvali**

Leiksport

Sími 5575020

Hólagarði

Góð þátttaka í sumarnámskeiðum

Mánudaginn 8. júní sl. fylltist ÍR-heimilið af hressum og kátum krökkum sem voru þangað komin til að taka þátt í sumarnámskeiðum ÍR. Góð skráning hefur verið og eru fyrstu námskeiðin því senn að fyllast.

Veðrið hefur sómuleiðis leikið við börnin og leiðbeinendur þeirra sem njóta útiverunnar í nágrenni ÍR-heimilisins til að fara í leiki og íþróttir. Við viljum hvetja ykkur til þess að skrá börn ykkar með góðum fyrirvara svo það sé öruggt að þau komist á þessi skemmtilegu námskeið okkar.



Frá leikjanámskeiði á síðasta sumri.

Fótboltinn kominn á fullt

Eins og kannski margir vita er fótboltinn kominn á fullt og eru allir flokkar knattspyrnudeildar ÍR að æfa af krafti.

Meistaraflokkur kvenna hefur náð í fjögur stig þegar þessi orð eru skrifuð í Pepsi deildinni og

m.fl. karla í sex stig en þess má geta að nóg er af stigum í pottinum það sem eftir lifir af þessu tímabili.

Við höfum orðið var við meiri áhuga á heimaleikjum okkar og er stúkan klárlega að sanna gildi

sitt þar sem áhorfendur geta látið fara betur um sig. Við viljum hvetja alla áhugasama til að koma á völlinn og styðja við bakið á okkar fólki hvort sem um ræðir hjá eldri eða yngri flokkum.

Heimaleikir ÍR eru:

Leikdagur	Kl	Mót	Völlur	Heimalið	Gestir
Þri. 23. jún	19:15	Pepsi-deild kvenna	ÍR-völlur	ÍR	Fylkir
Fös. 26. jún	20:00	1. deild karla	ÍR-völlur	ÍR	ÍA
Lau. 11. júl	16:00	Pepsi-deild kvenna	ÍR-völlur	ÍR	Pór/KA
Þri. 14. júl	20:00	1. deild karla	ÍR-völlur	ÍR	Víkingur R.
Fös. 17. júl	20:00	1. deild karla	ÍR-völlur	ÍR	HK
Þri. 28. júl	18:30	1. deild karla	ÍR-völlur	ÍR	Pór
Mið. 29. júl	19:15	Pepsi-deild kvenna	ÍR-völlur	ÍR	Stjarnan
Þri. 11. ágú	19:15	Pepsi-deild kvenna	ÍR-völlur	ÍR	Afturelding/Fjöltnir
Fös. 14. ágú	19:00	1. deild karla	ÍR-völlur	ÍR	Fjarðabyggð
Fös. 21. ágú	18:30	1. deild karla	ÍR-völlur	ÍR	Haukar
Fös. 04. sep	18:30	1. deild karla	ÍR-völlur	ÍR	KA
Lau. 12. sep	14:00	1. deild karla	ÍR-völlur	ÍR	Víkingur Ó.
Mán. 14. sep	17:30	Pepsi-deild kvenna	ÍR-völlur	ÍR	Breiðablik

Hulda stökk yfir 3,70

Hin 18 ára Hulda Þorsteinsdóttir náði þann 6. júní þriðja besta árangri íslenskarar konu í stangarstökki þegar hún stökk yfir 3,70 metra á móti í Keverlar í Þýskalandi. Hún bætti þar sinn besta árangur utanhúss um hálfan metra, en hún átti best 3,20 metra frá árinu 2007.

Hulda stökk í vetur 3,60 metra innanhúss, en hún sleit krossbönd í

stangarstökk skeppni fyrir ári síðan og er búin að ganga í gegnum miklar raunir síðan þá. Eins og áður segir er þetta þriðji besti árangurur í stangarstökki kvenna frá upphafi, aðeins Þórey Edda Elísdóttir FH Íslandsmethafi í greininn sem stökkið hefur hæst 4,60 metra og Vala Flosadóttir ÍR og bronsverðlaunahafi á Ólympíuleikumunum árið 2000 og stökk hæst 4,50 metra hafa

stökkið hærra. Hulda hefur notið góðrar handleiðslu Þóreyjar Eddu í vetur og er það greinilega að skila sér. Hulda stefnir á að ná lágmarki fyrir EM unglunga 19 ára og yngri, sem fram fer í Novi-Sad 23. til 26 júlí, en lágmarkið inn á það mót er 3,80 metrar og keppir hún á tveimur mótum til viðbótar í Þýskalandi dagana 11. og 14. júní fyrst í Duisburg og síðan Mannheim. Með þessum árangri er Hulda búin að stökkva sig inn í ÍR-OL2012 hópinn en einnig afrekshóp unglunga Frjálsíþróttasambands Íslands.

Þrjú ÍR-ingar á NM 22 ára og yngri

NM unglunga 22 ára og yngri í fjölþrautum fór fram á Kópavogsvelli helgina 13. til 14. júní.

Alls voru 49 keppendur skráðir til leiks, en keppt var í þremur aldursflokkum í tugþraut karla og sjöþraut kvenna (17 ára og yngri,

18 til 19 ára og 20 til 22 ára).

Ísland sendi 13 keppendur til leiks og þar af voru þrjú ÍR-ingar, þau Dóróthea Jóhannesdóttir sem keppti í flokki 17 ára og yngri en þar voru 13 stúlkur skráðar til leiks og Einar Daði Lárusson

og Börkur Smári Kristinsson sem kepptu í flokki 18 til til 19 ára en þar voru 10 keppendur skráðir til leiks. Einar Daði hefur oft keppt á þessu móti áður en þau Dóróthea og Börkur tóku þátt í fyrsta sinn.

Frábært hjá Sigurjóni

Sigurjón Sigurbjörnsson keppti í 100 km hlaupi í fyrsta sinn laugardaginn 6. júní í Reykjavík.

Þetta er í annað sinn sem keppt er í 100 km hlaupi hér á landi en

nokkrir Íslendingar hafa tekið þátt í 100 km hlaupum í ýmsum löndum.

Besta tímamann átti Ágúst Kvaran 8 klst. 43 mín og 8 sekúndur en hann hafði tvisvar hlaupið undir 9 klst.

og sá eini sem það hafði gert. Sigurjón bætti þennan Íslandsmetstíma um rúmar 19 mínútur en lokatími hans var 8:23:45 klst. Frábær bætting hjá Sigurjóni.

Börkur Smári Íslandsmeistari

Börkur Smári Kristinsson varð um helgina Íslandsmeistari í tugþraut karla með 5623 stig.

Árangur hans í einstökum greinum ásamt stigum fyrir hverja grein var (100 m 12,19/614 – langstökk 6,46/688 – kúluvarp 9,71/468 – hástökk 1,73/569 – 400 m 53,10/677 – 110 m grind

17,70/553 – kringlukast 30,45/473 – stangarstökk 3,60/509 – spjótkest 40,29/446 – 1500m 4:48,80/626).

Mikill vindur hamlaði keppendum mikil þessa helgi og er árangur Barkar því mjög athyglisverður. Hann keppti aftur í tugþraut á 13. og 14. júní á Norðurlandameistaramótinu í

fjölþrautum sem fram fer í Kópavogi. Í sjöþraut meyjja voru tveir keppendur frá ÍR og stóðu þær sig með sóma, náðu öðru og þriðja sætinu. Dóróthea Jóhannesdóttir varð í 2. sæti með 3828 stig og Hekla Rún Ámundadóttir varð í 3. sæti með 3389 stig.



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Myndsími: 587 7081
Tölvupóstur: iradal@isholf.is
Heimasíða: irsida.is



Hér eru þeir Hörður framkvæmdastjóri og Þórarinn gjaldkeri að afhenda Skúla sigurlaunin.

Vel heppnað Golfmót

Golfmót ÍR fór fram á golfvelli Þorlákshafnar s.l. laugardag. Fimmtán keppendur mættu til leiks við ágætis aðstæður. Mótafyrirkomulag var punktakeppni og stóð Skúli Ágústsson uppi sem sigurvegari á 87 höggum.

Magnús Ólafsson varð annar

á 84 höggum og Sævar Þór Rík- arðsson þriðji á 101 höggi. Nánd- arverðlaun hlaut Björgvín Ingi Ólafsson á þriðju holu, annar var Magnús Ólafsson á elleftu holu og Ólafur Gylfason var þriðji á sext- ándu holu.

20 ÍR-ingar á smáþjóðaleikunum

Smáþjóðaleikarnir þeir 13. í röðinni fóru fram dagana 1. til 6. júní í Nicosiu á Kýpur.

Fimm ÍR-ingar skipuðu hið 20 manna íslenska keppnislið og hlutu þau alls sjö verðlaun sem er frábær árangur og þriðjungur

þeirra verðlauna sem íslenska liðið vann til.

Mikill hiti og töluverður vindur einkenndi mótið sem helst hafði áhrif á lengri hlaupin en annars voru aðstæður góðar og hörð keppni.

Finn árangur á kastmóti

Finn árangur náðist á kastmóti ÍR sem haldið var 4. júní. Hæst bar árangur María Óskar Felix- dóttur en hún kastaði sleggjunn 42,86 metra, sem er aðeins 59 sm frá Íslandsmeti Söndru Péturs- dóttur ÍR í flokki stúlkna 17 til 18 ára auk þess sem þetta er viðmið í Afrekshóp ungmenna FRÍ.

Sandra Pétursdóttir kastaði sleggjunn 52,88 metra sem er skammt frá Íslandsmeti henni sem hún setti í mars sl. Valdis Anna Þrastardóttir byrjaði sum-

arið vel með 45,45 metra, sem er rétt tæplega metra frá hennar besta árangri frá sl. ári. Þá stór- bætti Guðmundur Sverrisson árangur sinn í spjótkesti en hann kastaði hvorki meira né minna en 61,44 metra, en hann átti best 53,98 metra frá árinu 2007. Þá má geta þess að María Ósk Felix- dóttir hefur náð að kasta sig inn í Afrekshóp ungmenna Frjálsí- þróttasambands Íslands en hún kastaði sleggjunn 42,86 metra en lágmarkið er 42,00 metrar.

Nú Reykjavíkumeistarar


Reykjavíkumeistaramót 15 ára og eldri var haldið á Laugar- dalsvelli 26. og 27. maí sl.

ÍR eignaðist þar nú Reykjavík- urmeistarar auk þess sem 7 silf- urverðlaun og 7 bronsverðlaun komu í hús.

Þátttaka í mótinu var ekki mikil þar sem töluverður fjöldi íþróttafólks var enn í prófum en af árangrinum sem náðist er ljóst að mikil og góð vinna hefur verið lögð inn í vetur og veit það á gott vor og sumar.



GETRAUNANÚMER ÍR ER 109



Lítið inn til okkar á milli úttalninga í sumar

Velkomin á sýningar Landsvirkjunar:

Dulúð hálendisins í **Blöndustöð**

Lífið í Þjórsárdal í **Búrfellsstöð**

Afl úr iðrum jarðar í **Kröflustöð**

Hvað er með Ásum? í **Laxárstöð**

List Kristjönu Samper í **Ljósafofsstöð**

Orkan frá Kárahnjúkum í **Végarði**

Stöðvar Landsvirkjunar eru opnar **alla eftirmiðdaga í sumar**.
Aðgangur er ókeypis.

Nánari upplýsingar um heimsókn til Landsvirkjunar eru
á www.landsvirkjun.is og í síma 515 9000.



Landsvirkjun

Árangur fyrir alla